

Tillögur Fjórðungssambands Vestfirðinga að áhersluverkefnum innan Sóknaráætlunar Vestfirjarða 2015 – 2019 fyrir árið 2017. Kynning á stöðu starfandi áhersluverkefna.

Verkefni I - 2017	Efling háskólastarfs og fjölgun íbúa með framhaldsmenntun.
Markmið (1-2 setningar)	Stuðla að fjölgun fólks með háskólamenntun á Vestfirðum og mæta þannig lægra hlutfalli menntaðs fólks í landshlutanum. Efla rannsóknir fyrir fyrirtæki á Vestfirðum og auka þar með samkeppnishæfni þeirra.
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	Verkefnið á að mynda hvata til háskólanema í landinu til að staðsetja sig á Vestfirðum til vinna að lokaritgerð og/eða rannsóknum um vestfirsk málefni í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Verkefnið yrði unnið í samvinnu við háskólana í landinu m.a. þannig að leiðbeinendur kæmu reglulega til Vestfirjarða til að aðstoða nema í þeirra vinnu. Verkefnastjóri verður ráðin tímabundið til verkefnisins og tæki hann að sér að hafa samskipti við háskólana á landinu, bæði til að ná á leiðbeinendur (prófessora) og kynna fyrir þeim verkefnið og benda nemum á möguleika á verkefnum á Vestfirðum. Verkefnastjóri myndi einnig gera þarfagreiningu á meðal fyrirtækja á Vestfirðum, varðandi það hvaða verkefni þau myndu helst vanta að láta vinna að á þessum forsendum. Færi þessi vinna fram á tímabilinu nóvember 2017 – janúar 2018. Er þeirri vinnu væri lokið yrði stofnaður sjóður sem námsmenn, sem ynnu að þessum verkefnum, gætu sótt í. Fjórðungssamband Vestfirðinga myndi halda utan um sjóðinn og greiðslur úr honum. Miðað er að bjóða styrki úr rannsóknarsjóði fyrir 5 nemendur á ári með því skilyrði að helming tímans dveljist nemandi á svæðinu (ekki bara ferðalag) og að verkefni nýtist Vestfirðum. Bjóða fólki í rannsóknargeiranum til Vestfirjarða með kynningar í mismunandi fögum og tengja þá rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum á Vestfirðum.
Framkvæmdaaðili	Vestfirjarstofa og Háskólasetur Vestfirjarða
Samstarfsaðilar	Háskólar á landinu, Háskólasetur Vestfirjarða og rannsóknastofnanir á Vestfirðum
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Sóknaráætlun bendir á hlutfall háskólamenntaðs fólks er lægri á Vestfirðum en annarsstaðar á landinu og styður aldursgreining á íbúum svæðisins þá sýn. Verkefnið á að bregðast við þessari þróun. Verkefnið tengist einnig áhersluverkefninu Rannsóknarþing á Vestfirðum með því að nýta tengslanet og greiningu á áhugaverðum viðfangsefnum. Sóknaráætlun bendir einnig á mikilvægi við uppbyggingu hliðargreina við stærstu atvinnuvegi landshlutans enda séu þar mestu tækifæri til nýsköpunar.
Árangursmælikvarðar	Fjölgun háskólamenntaðs fólks sem starfa í fyrirtækjum og rannsókna/ fræðistofnunum á Vestfirðum.
Lokafurð	Fjölgun Vestfirðinga í yngri aldurshópum með háskólamenntun.
Tímarammi	Nóvember 2017 – janúar 2018
Heildarkostnaður	4 milljónir
Framlag úr sóknaráætlun 2017	2,5 milljónir

Verkefni II - 2017	Valdefling ungs fólks á Vestfjörðum
Markmið (1-2 setningar)	Efla þátttöku ungs fólks í umræðu og vinnu að verkefnum í samfélögunum
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	Minnkandi þátttaka ungs fólks í sveitarstjórnarkosningum og þátttöku í pólitísku starfi, vekur einnig áhyggjur af þátttöku þeirra almennt í samfélagslegum verkefnum og tengingu þeirra við samfélögin. Mikilvægt er fyrir framtíð samfélaganna að efla aðild þeirra og taka þátt í umræðu og vinna að verkefnum í samfélögunum. Markmiðið yrði að tengja ungt fólk á aldrinum 13-25 ára við sveitarstjórnarmál og opinbera stjórnsýslu. Þjálfá lýðræðislega aðild og þátttöku í nærsamfélaginu og nýta heimild í 11. gr æskulýðslaga til stofnunar ungmennaráða í sveitarfélögum. Haldin verða námskeið um starf í sveitarstjórnnum eða nefndum í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. Stutt við stofnun ungmennaráða sveitarfélaga.
Framkvæmdaaðili	Sveitarfélög á Vestfjörðum. Fjórðungssamband Vestfirðinga
Samstarfsaðilar	Æskulýðsfélög á Vestfjörðum.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Hlutfall íbúa á aldursbilinu 13-25 ára hefur farið lækkandi en landsmeðaltal, sérstaklega í efri aldurshópnum. Verkefninu er ætlað að mæta þessari lýðfræðilegu þróun.
Árangursmælikvarðar	Aukin þátttaka yngra fólks á í nefndastarfi sveitarfélaga og einnig fjölgun á framboðslistum til sveitarstjórnarkosningum 2018. Stofnun ungmennaráða í sveitarfélögum. Viðhalda og til lengri tíma hækka hlutfall íbúa á aldursbilinu 13-25 ára.
Lokafurð	Námskeiðahald um Virk ungmennaráð á öllu starfssvæði FV. Handbók um starf ungmennaráða á Vestfjörðum. Aukinn skilningur og áhugi ungs fólks á uppbyggingu og regluverki sveitarfélaga. Greiðari boðleiðir fyrir skoðanir ungs fólks inn í stjórnkerfið.
Tímarammi	Nóv 2017 – maí 2018
Heildarkostnaður	2.000.000
Framlag úr sóknaráætlun 2017	1.000.000,-

Verkefni III - 2017	Kynning búsetukosta og atvinnulífs á Vestfjörðum
Markmið (1-2 setningar)	Vekja athygli á málefnum Vestfjarða, innviðum og atvinnutækifærum til að efla svæðið sem búsetukost. Þrýsta á aukinn stuðning ríkisvaldsins við innviði Vestfirðinga.
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	Efla kynningu á búsetukostum á Vestfjörðum með þeirri nálgun að íbúar velja búsetu á eigin forsendum og tækifærum í atvinnulífi og samfélögum. Ná Vestfjörðum inn í umræðuna með átaki þ.e. borgarafundi þar sem tekin eru fyrir helstu áskoranir Vestfirðinga, samgöngum, raforkumálum og fiskeldi. Ráðherrar og þingmenn fengnir til beins samtals við íbúa og sveitarstjórnir varðandi helstu áform svæðisins. Langtímaverkefni með kynningu landshlutans á höfuðborgarsvæði gagnvart íbúum þar með áherslu á ungt fólk. Kynningu landshlutans gagnvart stjórnvöldum, fjárfestum og félagasamtökum. Verkefnið verði tengt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða þ.e. Visit Vestfjords.
Framkvæmdaaðili	Fjórðungssamband Vestfirðinga / Markaðsstofa Vestfjarða
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög á Vestfjörðum
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Stuðningur við eina af helstu vaxtargreinum Vestfjarða, fiskeldi og efling innviða til að auka fjölbreytni atvinnulífs s.s. orkukræf starfsemi og ferðaþjónustu. Hafa áhrif á alvarlega lýðfræðilega þróun þar sem lægra hlutfall yngri aldurshópa en á landsvísu er helsta áhyggjuefni. Aukin fjölbreytni atvinnulífs og sterkir innviðir samfélaga gera svæðið að áhugaverðum búsetukosti.
Árangursmælikvarðar	Borgarafundur haldinn, ályktun sett fram og fylgt eftir við stjórnvöld og helstu hagsmunaaðila. Undirbúningur að stofnun skrifstofu Vestfjarðastofu í Reykjavík.
Lokafurð	Borgarafundur haldinn 24. september þar sem lokaafurðin er ályktun samfélaganna við Djúp.
Tímarammi	September – desember 2017
Heildarkostnaður	Kr 2.500.000,-
Framlag úr sóknaráætlun 2017	Kr 2.500.000

Verkefni IV - 2017	Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafræðum
Markmið (1-2 setningar)	Efling framhaldsnáms á háskólastigi á Vestfjörðum. Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafræðum.
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<p>Verkefnið er að stofna nýja námsleið á meistarastigi hjá Háskólasetri Vestfjarða, heiti/viðfangsefni: <u>Sjávarbyggðafræði</u>. Námsleiðin er að öllu leyti hugsuð hliðstæð við núverandi námsleið í Strandsvæðastjórnun, til að nýta samlegð. Verkefnið er því að endurtaka fyrri árangur og styrkja það sem fyrir er.</p> <p>Reynslan af námsleið á meistarastigi hjá Háskólasetri Vestfjarða er góð; allar akademískar lykiltölur eins og útskriftarhlutfall, virknihlutfall, menntunarstig kennara o.fl. eru með besta móti. Þetta er nám sem Vestfirðingar geta verið stoltir af. Samstarf við Háskólann á Akureyri er traust. Námsleiðin hefur aðdráttarafl út fyrir fjórðunginn, sem telst jákvætt í akademísku samhengi. Nemendurnir eru á því aldursbili sem mest vantar. Reynslan sýnir að 5% aðkomunemenda verða eftir á Vestfjörðum að námi loknu. Úttekt Atvest sýnir að fyrir hverja krónu sem ríkið setur í Háskólasetrið, renna tvær til baka í vestfirskt atvinnulíf og næst þetta háa hlutfall í gegnum framfærslu nemenda.</p> <p>Von er á að nýja námið laði að aðeins fleiri íslenska nemendur en núverandi nám og að það verði jafn eðlilegt að stunda nám á Ísafirði og á Akureyri. Auka fagstjóri er viðbót við rannsóknarumhverfi Vestfjarða.</p>
Framkvæmdaaðili	Háskólasetur Vestfjarða
Samstarfsaðilar	Háskólinn á Akureyri (fullgilding), rannsóknarstofnanir á Vestfjörðum, stundakennarar búsettir á Vestfjörðum og tengdir rannsóknarumhverfinu. Fyrirtæki og stofnanir í tengslum rannsóknarritgerðir. Stofnanir innanlands og erlendis sem sinna byggðarannsóknunum, t.d. Byggðastofnun.
Tengsl við sóknar-áætlun 2015-2019	Menntamál, nýsköpun og atvinnuþróun, bætt ímynd Vestfjarða, uppbygging mannauðs í menntamálum og nýting/virkjun samlegðaráhrifa.
Árangursmælikvarðar	Fjöldi nemenda á öðru og þriðja ári verkefnisins er áætlaður 20 nýnemar á ári. Fjöldi ritgerða um vestfirsk efni. Áhrif á umræðu um byggðamál á Íslandi.
Lokafurð	Ný námsleið, aukinn sýnileiki.
Tímarammi	<p>(01/17: Fullgildingarferli hjá HA lokið)</p> <p>12/17: Auglýsing náms hefst.</p> <p>01/18: Auglýsing eftir fagstjóra.</p> <p>Vorið 2018: skipun meistaranámsnefndar, lokafrágangur kennsluáætlunar, vor/sumar 2018: ráðning stundakennara.</p> <p>08/18: Kennslubyrjun.</p> <p>06/20: Útskrift fyrsta árgangs.</p>
Heildarkostnaður	Tekið mið af námsleiðinni strandsvæðastjórnun þá er rekstur nýrrar námsleiðar áætlaður rúmlega 34 m.kr á ári. Þá er tekið tillit til kostnaðarliða sem tilheyra námsleiðinni beint sem og laun fagstjóra. Ekki er tekið tillit til launa annarra starfsmanna hlutfallslega né til húsnæðis o.fl. Framlag Háskólaseturs 14 mkr, önnur bein framlög 20 mkr
Framlag úr sóknaráætlun 2017	Kr 4.000.000 (15% af 34 m.kr.) en 5.500.000,- næstu tvö ár. Samanlagt kr 15.000.000 til þriggja ára.

Verkefni V -2017	Gegnumsláttur (undirbúningur svæðisskipulags Vestfjarða)
Markmið (1-2 setningar)	Lok og skipulag á framhald verkefnis Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. „Gegnumsláttur 2019“
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	Um er að ræða framhaldsvinnu við áhersluverkefnið Gegnumsláttur 2019 sem lokið var við með greinargerð að tillögu um svæðisskipulag fyrir Vestfirði og hugmyndir að áherslum. Sveitarfélög óskuðu eftir ítarlegri vinnu við afmörkun áherslna og var fundað með öllum sveitarstjórnnum frá okt – jan 2017. Greinargerð og tillaga að gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði var útfærð af skipulagsráðgjöfum og afgreidd á fundi sveitarfélaganna í lok apríl 2017. Sjö sveitarstjórnir af níu hafa afgreitt tilnefningar í svæðisskipulagsnefnd en tvær sveitarstjórnir (Strandabyggð og Reykhólahreppur) ætla ekki að taka þátt enda eru þau sveitarfélög ásamt Dalabyggð að ljúka við gerð svæðisskipulags. Vinna þarf að umsókn til Skipulagssjóðs fyrir áramót og miðað er við að vinna við svæðisskipulagi hefjist í upphafi árs 2018.
Framkvæmdaaðili	Fjórðungssamband Vestfirðinga
Samstarfsaðilar	Verkís, Efla verkfræðistofa, sveitarfélög á Vestfjörðum
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Samþætting sóknaráætlunar við stefnumörkun sveitarfélaga í atvinnu- og samfélagsmálum hefur verið frá og með árinu 2016. Með gerð svæðisskipulags verður stefna í atvinnu, samfélags og umhverfismálum fest í sessi. Tillaga að yfirskrift svæðisskipulagsins er „Atvinnumál vaxtargreina með áherslu á sjálfbærni og náttúruvernd“.
Árangursmælikvarðar	Tillaga til sveitarfélaga um gerð svæðisskipulags komi til afgreiðslu í sveitarstjórnnum. Skipan svæðisskipulagsnefndar og umsókn til Skipulagssjóðs afgreidd.
Lokafurð	Svæðisskipulagsvinna verði hafin.
Tímarammi	2017
Heildarkostnaður	2.000.000,-
Framlag úr sóknaráætlun 2017	1.000.000,-

Verkefni VI - 2017	Íbúakönnun á Vestfjörðum
Markmið (1-2 setningar)	Byggja upp þekkingu á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum til samfélags og atvinnulífs og þróun þess.
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<p>Unnin verði könnun á meðal íbúa á Vestfjörðum þar sem tekin verða saman viðhorf þeirra til þátta sem m.a. hafa áhrif á val á búsetu, atvinnuþátttöku og þjónustu. Niðurstöðurnar munu nýtast við áframhaldandi stefnumörkun opinberra aðila í atvinnu og búsetumálum á Vestfjörðum. Einnig til að bera þróun saman við aðra landshluta og mæla árangur af starfsemi Sóknaráætlunar.</p> <p>Sambærileg íbúakönnun hefur verið unnin á Vesturlandi um nokkur ára skeið og nú nýlega á Norðurlandi Vestra auk þess með stefnt er að könnun á Suðurlandi. Stefnt er að könnunin verði endurtekin á árinu 2019 þ.e. síðasta starfsár gildandi Sóknaráætlunar.</p> <p>Íbúakönnun var framkvæmd að hálfu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á árinu 2013 með styrk frá Vaxtarsamningi Vestfjarða og Fjórðungssambandi. Framkvæmd reyndist þung í vöfum og hefur því ekki verið endurtekin, sem er miður. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hefur þróað slíka könnun á síðustu árum og hefur reynst vel í endurtekinni framkvæmd og því er leitað samstarfs við þá um framkvæmd. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri mun sjá um öflun netfanga með úthringingu til íbúa. Slíkur listi á að nýtast næstu þrjú árin.</p> <p>Fiskeldisfyrirtæki hafa lýst áhuga um samstarf að verkefninu m.t.t. að fá fram viðhorf íbúa til uppbyggingar fiskeldis á Vestfjörðum.</p>
Framkvæmdaaðili	Fjórðungssamband Vestfirðinga
Samstarfsaðilar	Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða v. fiskeldisklasa á Vestfjörðum og Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri
Tengsl við sóknaráætlun 2015-19	Aukin þekking á lýðfræðilegri þróun á Vestfjörðum þ.e. viðhorf íbúa til samfélags og atvinnulífs og væntingar þeirra.
Árangursmælikvarðar	<p>Íbúakönnun verði framkvæmd.</p> <p>Aukin þekking á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum til samfélags og atvinnulífs og þá fiskeldis sérstaklega.</p> <p>Aukin þekking á viðhorfum íbúa í Norðvesturkjördæmi til samfélags og atvinnulífs</p>
Lokafurð	Íbúakönnun 2017 og 2019.
Tímarammi	Árið 2017-2019
Heildarkostnaður	Heildarkostnaður er metin 1,6 milljónir fyrir árin 2017 en 300 þkr árið 2019.
Tillaga 2017	Fjármagn er nemi vaxtatekjum af Sóknaráætlun 2015 kr 999.792 og ársins 2016 kr 750.000 alls kr 1.749.792,-

Staða verkefna sem samþykkt voru á árinu 2016 fyrir árin 2016, 2017 og 2018.

Verkefni: Visit Westfjords

Um verkefnið: Verkefnið er í raun aukinn kraftur í núverandi verkefni Markaðsstofu Vestfjarða (MV). Verkbættirnir eru því ekki nýir heldur er aukið við það starf sem áður var, með þessu er hægt að ná enn meiri árangri og nýta betur slagkraftinn sem er til staðar. Lögð var áhersla á móttöku blaðamanna, uppbyggingu heimasíðunnar, samfélagmiðla og þátttöku á sýningum.

Verkefnið var skipt í þrjá verkþætti; Sýningar og vinnustofur, móttaka blaðamanna og auglýsingar.

Verkefninu var ætlað að auka hlutdeild Vestfjarða í þeirri aukningu sem hefur verið undanfarin ár í ferðamannastraumi til Íslands. Nú hafa ytri ástæður svo sem mikil styrking krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum haft slæm áhrif á ferðapjónustuna, og vísbendingar eru að þessi þróun hafi enn meiri áhrif á þau svæði sem eru lengra frá innkomustöðum ferðamanna inn í landið. Fyrsta vísbending þessa efnis eru nýútkomnar gistináttatölur fyrir maí en þar er að finna 1% samdrátt í gistingu á Vesturlandi og Vestfjörðum milli ára. Þessi þróun leiðir til ákveðinna breytinga í áætlunum verkefnisins, erfitt gæti reynst að auka hlutdeild Vestfjarða meðan ytri aðstæður eru svona erfiðar og því eðlilegt að horfa til þess að reyna að verja það sem komið er svo ekki verði meiri samdráttur.

Bein áhrif verkefnisins:

Ráðinn hefur verið verktaki til að sinna heimasíðu og samfélagsmiðlum, en þessar gáttir eru þungamiðja MV í markaðsstarfi sínu í B2C.

Ráðinn hefur verið starfsmaður í hlutastarfi til Markaðsstofu Vestfjarða sem sinnir móttöku blaðamanna og með því hefur verið hægt að auka þann fjölda blaðamanna sem koma til að fjalla um svæðið.

Bætt hefur verið við vinnustofur og fer Markaðsstofa Vestfjarða nú á tvær vinnustofur 2017 á lykilmörkuðum fyrir Vestfirði.

Áætlað er að verkefnið Visit Westfjords haldi áfram 2018 en ljóst er að skoða þarf vel þróun ferðapjónustunnar 2017 og hversu mikil áhrif fyrrsjáanlegur samdráttur muni hafa áður en sett verða ný markmið fyrir verkefnið.

Inwest

Markmið félagsins (verkefnisins) er að fjárfesta í fyrirtækjum á Vestfjörðum sem eru arðbær til lengri tíma og geta eftt atvinnulíf svæðisins. Verkefnastjóri Atvest á Ísafirði í samstarfi við framkvæmdastjóra (Atvest) mun sjá um framkvæmdastjórn félagsins fram í september eða þangað til ráðin hefur verið framkvæmdastjóri hjá Vestfjarðastofu en að öðru leiti hafði Atvest allt árið umsjón með heimasíðu félagsins og sinni bókhaldi þess. Talsverður tími fer einnig í að styðja við og halda áfram í þróunarvinnu með fyrirtækjunum sem Hvetjandi á hlut í. Því eru megin markmið á áherslur með svipuðu sniði og verið hefur. En gera þarf ráð fyrir auknum tíma til verkefna á það sem er af þessu ári og þá einnig 2018. Tengsl við sóknaáætlun er óbreytt.

Vestfirðir altengdir 2018

Markmið verkefnisins er að ljúka við hringtengingu Vestfjarða stofnleiða um ljósleiðara. Er stutt af stjórnvöldum í gegnum „Ísland ljóstengt“ . Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða mun í samstarfi við Fjórðungssamband Vestfirðinga. Verið er að ljúka stöðumati hjá hverju sveitarfélagi á Vestfjörðum og í framhaldi af því veita ráðgjöf um tæknilegar og skipulagslegar lausnir. Samstarfsaðilar eru sömu og áður; Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur. Tengsl við sóknaáætlun er óbreytt.

Þróunarsetur á Vestfjörðum

Efling þróunarsetra á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði og samstarf þeirra á milli. Samstarfsaðilar eru sveitarfélög , stofnanir ríkisins og einkaaðilar. Samkomulag liggur fyrir við Vesturbyggð um flutning á Skor þekkingarsetri, Patreksfirði að í þá fyrrum skrifstofu sveitarfélagsins, þegar þær verða fluttar í annað húsnæði. Við það skapast ný og betri aðstaða og verkefni aukast. Tengsl við sóknaáætlun eru áfram efling setra með fjölda leigutaka og nýrra verkefna sem koma í setrin.

Jarðvarmaverkefni.

Reykhólar.

Varmabú Reykhóla [samstarf fyrirtækja og sveitarfélagsins] hefur komið saman til að fjalla um nýtingu jarðvarmageymisins á Reykhólum og réttindi þeim tengdum og leita til stjórnvalda með álitamál.

Fram fór álagsprófun til að kanna mögulega heildarupptöku á heitu vatni. OV hefur sótt um nýtingarleyfi fyrir upptöku alls vatnsins og er umsóknin í umsagnarferli hagsmunaaðila. Á meðan er beðið með fundi við ráðuneyti um skiptingu réttinda og skyldur við íbúa. Beiðnir til OV um afhendingu vatns til tveggja fyrirtækja hafa ekki verið afgreiddar auk þess sem nýr aðili hefur lýst áhuga á nýtingu vatnsins.

Ákveðin togstreita hefur komið upp vegna þessara stöðu og óljóst að framlag haghafa í verkefninu greiði framlag fyrir árið 2017 eða 2 mkr.

Hólmavík.

Tekin var saman heildarskýrsla um mögulegar uppsprettur af heitu vatni fyrir hitaveitu á Hólmavík. Falast hefur verið eftir heitu vatni í Hveravík af landeigendum. Vinnuteymi á vegum Strandabyggðar hefur verið stofnað til að halda utan um málið og er nú að skoða val á aðilum til að framkvæma hagkvæmnigreiningu.

Reykjanes við Djúp.

Kannað hefur verið eignarhald og skjöl sem varða mat á jarðvarmageymi á Reykjanes við Djúp. Gögn eru takmörkuð um eignarhald, núverandi afnot, réttindi og skyldur. Leita þarf lögfræðialits á þessi mál og reyna með þeim hætti að vinna á hagsmunatogstreitu. Nýr aðili hefur lýst áhuga að fá heitt vatn til afnota til viðbótar þeim sem þegar eru fyrir þ.e. ferðaþjónusta og saltverkið.

Vegna óvissu um framlög haghafa samkvæmt upphaflegri verkefnaáætlun, er sóst eftir viðbótarfjármagni eða **2,5 mkr** og verður verkefnið þá að öllu leiti fjármagnað af Sóknaráætlun eða alls **4,5 mkr** á árinu 2017.

Straumar

Ákveðið var að fyrirkomulag þessa verkefnis yrði þannig að listamenn sæki um ferðastyrki og verkefnisstyrki. Styrkirnir eiga að skila sér í því að þátttakendur setji upp list- eða menningarviðburði á mismunandi stöðum á Vestfjörðum. Verkefnið var auglýst gegnum aðildarfélag Bandalag íslenskra listamanna og með auglýsingum á vefmiðlum. Auk þessa var tekin saman listi yfir vænlega aðila og haft samband við þá af fyrra bragði. Sett var upp rafrænt umsóknarform í Podio-kerfinu og

Alls bárust 7 umsóknir sem unnið verður í október en einnig verður unnið í því að ná þeim saman til listamannaspjalls og ná fram samstarfsverkefnum á grundvelli umsókna. Haft hefur verið samband við nokkrar lykilpersónur sem þekkja vel til vestfirskra listamanna til álits- og ráðgjafar.

Önnur afurð verkefnisins er að hafa fyrirmynd frá upprunalega norska verkefninu *Tilbakestrøm* sem er að halda uppi gagnagrunni um listafólk af svæðinu sem lýsir sig tilbúið til samstarfs við aðra listamenn. Markmiðið er að leiða saman þessa aðila sem vilja þyrlla upp „litrænu ryki“. Áhrif verkefnisins eiga þannig að ná eitthvað inn í framtíðina, en reikna þarf með nokkurri viðhaldsvinnu. Þannig má einnig að hluta ná samlegðaráhrifum með áhersluverkefninu

Kortlagning menningar

Kortlagningu menningar:

Verkefnið er komið af stað. Settur hefur verið upp gagnagrunnur með upplýsingum um menningarstarfsemi á Vestfjörðum sem safnað var saman á síðasta ári. Það er þó talsverð vinna eftir í því að koma grunninum í nýtilegt horf, mestmegnis handavinna, ítarlegri skráning, textavinna og söfnun mynda sem tengjast viðkomandi menningarstarfsemi. Reiknað er með því að unnið verði af krafti í verkefninu í haust.

Til skoðunar er hvernig megi samþætta gagnagrunn við aðra gagnagrunna á landsvísu og síðan við samtök listamanna. Dæmi um hugmyndir eru kortavefsjá Íslandsstofu, nýr Vestfjarðavefur um menningu og sögu landshlutans, samstarf með ýmsum öppum sem leiða fólk áfram á ferðalögum, s.s. Wapp, Locatify og Friend in Iceland og tengja gagnagrunninn vefjum samtaka listgreina og menningar til að auðvelda tengslamyndun í menningargeiranum.

Umhverfissvottun Vestfjarða

Sveitarfélögin hafa unnið að því síðustu ár að fá umhverfissvottun frá umhverfissvottunarfyrirtækinu EarthCheck og fengu þau silfur svottun fyrir starfsemi sína 2015. Á árinu 2017 er unnið í því að viðhalda þeirri svottun og fá svottun fyrir starfsárið 2016. Unnið er í þeim þáttum sem uppá vantaði og þurfti að bæta er úttekt var gerð árið 2016

Sveitarfélögin þurfa að vinna í þeim viðmiðum sem sett eru af EarthCheck. Þau þurfa að bæta sig ár frá ári t.d með því að minnka sorp og efla flokkun, minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda o.s.fr.

Þau verkefni sem hefur unnið að og til loka árs 2018 eru:

Aðkeypt ráðgjafabjónusta við að koma upp grænu bókhaldi hjá sveitarfélögum. kr. 2.200.000 – (í vinnslu)

Fundarferðir Verkefnastjóra og ráðgjafa um sveitarfélögin nú til að kynna verkefnið fyrir íbúum. Fundir haldnir varðandi mikilvægi flokkunar og hvernig megi minnka notkun á orkulindum. 1.400.000- (búið)

Vinna ráðgjafa og verkefnastjóra við að finna lausnir til að breyta og bæta þeim umhverfisviðmiðum sem eru í verkefninu –. Ca kr. 2.600.000-

Uppfærsla heimasíðu varðandi umhverfissvottaðir Vestfirðir þar sem upplýsingar um verkefnið yrði sett fram á skiljanlegan og augljósan hátt. Vinna verkefnisstjóra og uppfærslur á heimasíðu ca. kr. 1.000.000-

Lokafurð; Umhverfissvottuð starfsemi sveitarfélaga á Vestfjörðum fest í sessi og Vestfirðir verði að mestu plastpokalausir árin 2017-2018

Ísafirði 16. október 2017

Fjórðungssamband Vestfirðinga.